



Stjórnarfundur AKÍŠ

Staður og tími: A sal ÍSÍ - 6.10.2015 kl. 17:15

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þórður Bragason (ÞB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR), Einar Gunnlaugsson (EG)

Fjarverandi:

Ari Jóhannsson (AJ), Gunnar Bjarnason (GB), Guðbergur Reynisson (GR), Brynjar Gauti Schiöth (BGS)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Akstursíþróttamaður ársins - karl og kona

Reglur segja:

- 1. Keppnisráð í hverri grein útnefna einn karl og eina konu fjórum vikum fyrir Formannafund AKÍŠ.*
- 2. Opnað verður fyrir almenna netkosningu þar sem allir landsmenn geta greitt atkvæði einu sinni. Kosið er um þá keppendur sem keppnisráð útnefndi. Netkosningu lýkur tveimur vikum fyrir Formannafund AKÍŠ og tveir komast áfram af hvoru kyni.*
- 3. Stjórn AKÍŠ getur bætt við einum af hvoru kyni og tekur ákvörðun um þrjá karla og þrjár konur einni viku fyrir Formannafund AKÍŠ.*
- 4. Formannafundur AKÍŠ velur síðan Akstursíþróttakarlar og Akstursíþróttakonu ársins.*

Nú er ljóst að Íslandsmeistarar í Rally og Rallycross verða ekki klárir fyrr en eftir að fresti lýkur. Keppnisráð þessara greina virðast ekki treysta sér til að útnefna keppendur áður en það er ljóst. Þá er spurning hvaða leið er valin: Samþykkt að fresta netkosningu þar til eftir að úrslit eru ljós.

2. Torfæra (NEZ - Formula Offroad Working Group) - Stefna AKÍŠ

Ráðgert að halda vinnufund innan viku.

3. Mótakerfi AKÍŠ

Umræður um þau kerfi sem koma til greina:

- AKÍŠ - innanhúss
- MSÍ -
- Hjólamót - (hjolamot.is)

Stjórn óskar eftir að fá nánari upplýsingar um kostnað fyrir hverja leið.



4. Reykjavík International Games

ÍBR hefur óformlega grennslast fyrir um það hjá AKÍŠ hvort áhugi / möguleiki sé á að vera með eitthvað akstursíþróttatengt á RIG, sem haldið verður seinnipart janúar 2016.

Samþykkt að ræða áfram við ÍBR um möguleika á sýningu.

5. Fulltrúar AKÍŠ í nefndum FIA-NEZ

Samþykkt að eftirtaldir verði fulltrúar AKÍŠ í nefndum FIA-NEZ:

Off-road - Guðbjörn Grímsson

Rally - Þórður Bragason

Rallycross - Gunnar Bjarnason

Karting - Guðbergur Reynisson

Racing - Jón Bjarni Jónsson

Drifting - Brynjar Gauti Schiöth

Crosskart, Eco Run, Auto Navigation og Trophy Raid - enginn

6. Tryggingar sem hluti af keppnisskírteini

Fundur hefur verið ákveðinn með Sveini Segatta n.k. miðvikudag til þess að koma þessu af stað.

7. Keppnisskírteini fyrir drulluspyrnu og burnout?

Þegar keppni er haldin í akstursíþrótt sem ekki er keppt í alla jafna til Íslandsmeistara þá verði farið fram á keppnisskírteini komi ekki skýrt fram í leyfi lögreglustjóra fyrir aksturskeppninni (viðburðinum) að viðkomandi keppnisgrein sé ekki leyfisskyld samkvæmt reglugerð 507/2008 þá þarf ekki keppnisskírteini. Að öðrum kosti þá þarf keppnisskírteini.

Þessi skilgreining er samþykkt.

8. Minningarmót BA - styrkur

Erindi frá Einari Gunnlaugssyni fyrir hönd BA:

Nú er ég að vinna í uppgjöri eftir sumarið og þar sem AKÍŠ hefur hingað til sett þá aura sem koma í hlut AKÍŠ af keppnisskírteinum af þeirri keppni í sjóðinn þá spyr ég nú aftur þetta árið? Vill AKÍŠ halda þessu áfram og leggja þessa aura í Minningarsjóðin þetta árið líka? Það komu 44.000 kr í Keppnisskírteini inn af keppendum AKÍŠ í þessari keppni.

Þess má geta til fróðleika að nú er komin tæp milljón í sjóðinn eftir þetta ár svo það mun muna um minna þegar á reynir ef eitthvað verulega alvarlegt gerist hjá einhverjum innan Akstursíþróttanna sem þarf á hjálp að halda.

Frestað þar til stofnskrá sjóðsins liggur fyrir.

9. Dagskrá formannafundar

Skoða þarf keppnisdagatal 2016, hvort breyta þurfi almennum keppnisreglum AKÍŠ.

Umræður urðu um myndatökur.

Dagskrá er að verða fullmótuð.



**Akstursíþróttasamband
Íslands**

10. Önnur mál